

**Nd.**

**413. Frumvarp**

til laga um geldingu húsdýra.

(Eftir 3. umr. i Ed.).

1. gr.

Húsdýr, veturgömul og eldri, sem gelda þarf, skal staðdeyfa áður en gelding fer fram.

2. gr.

Sýslunefndir hlutast til um, að hæfilega margir geldingamenn séu í hverri sýslu. Skulu þeir hafa lært að fara með staðdeyfingarlyf og einnig aflað sér þeirrar þekkingar og leikni, sem þarf til að inni verkið vel af hendi, og hafa fengið um það vottorð frá dýralækni eða héraðslækni. Dómsmálaráðuneytið setur reglur um sölu og afhendingu deyfingarlyfja til geldingamanna. Án sérstaks endurgjalds skal dýralæknum skylt að kenna mönnum innan þeirra umdæmis geldingaraðferðir og meðferð á deyfingarlyfjum.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum til rikissjóðs, 50—500 kr., nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum gildandi lögum. Mál út af brotum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1934.